

Sveitafélög á Vestfjörðum

Erindi: Tilnefning í samráðshóp vegna innviðagreiningar

Á nýju ári mun Vestfjarðastofa fara af stað með vinnu innviðagreiningar fyrir Vestfirði. Landshlutasamtök allra landshluta hafa nú unnið eða eru að vinna innviðagreiningu fyrir sinn landshluta og hafa stærri sveitarfélögin nú þegar gert greiningu fyrir sitt sveitarfélag. Má þá helst nefna Fljótsdalshérað, Suðurland og Norðurland.

Vinnsla innviðagreiningar fyrir Vestfirði hefur verið gerð áður og er nú komið að uppfærslu og betrubótum. Vestfjarðastofa mun sjá um verkefnið og leiða það í samstarfi við samráðshóp. Helsta markmiðið með gerð innviðagreiningar er að þeir sem hafa hug á að fjárfesta á Íslandi sjái Vestfirði sem spennandi valkost fyrir fjárfestingu sína, og það gefi greinargóða mynd af því sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa upp á að bjóða,

Vestfjarðastofa óskar eftir að myndaður verði samráðshóps með einum fulltrúa hvers sveitarfélags á Vestfjörðum ásamt starfsfólki Vestfjarðastofu. Verkefnið hófst í janúarbyrjun 2019 og áætlað að því verði formlega lokið í lok maí sama ár.

Fulltrúi sveitarfélags væri starfsmaður sem bæri ábyrgð á verkefnum tengdum innviðagreiningu. Í þeim sveitarfélögum sem ekki hafa slíka starfsmenn gætu oddvitar/sveitarstjórar tekið þátt í starfi hópsins. Aðalverkefni samráðshópsins er að koma með athugasemdir á efni innviðagreiningar svo hægt sé að vinna vandaða og skilvirka greiningu sem tekur á öllum innviðum Vestfjarðakjálkans í heild.

Tillaga Vestfjarðastofu er að samráðshópur haldi fjarfund a.m.k. einu sinni í mánuði þar sem verkefnisstjóri kynni stöðu verkefnis og taki á móti athugasemdum frá fulltrúum úr samráðshópi. Áætlað er að a.m.k. einn eða tveir fundir myndu vera í raunheimi þegar líður undir lok verkefnis.

Hér með er óskað eftir að þið tilnefnið fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi í þennan samráðshóp. Framlag sveitafélagsins verði í formi vinnuframlags og ferðakostnaðar fulltrúa ykkar ef við á.

Áætlað vinnuframlag hvers fulltrúa felst í fjarfundum sem yrðu á mánaðarfresti. Einnig verður samráðsvettvangur á facebook fyrir hópinn.

Fundargerðir verða birtar stjórn Vestfjarðastofu og sendar til atvinnumálanefnda sveitarfélaga til kynningar.

Samráðshópur innviðagreiningar Vestfjarða

Í honum sitja:

- 6 starfsmenn frá Vestfjarðastofu
- 1 aðili frá hverju sveitafélagi (9 manns)

Ferlið:

Fundur: Hópurinn hittist á fjarfundi á u.þ.b mánaðarfresti. Vestfjarðastofa skipuleggur dagskrá fundanna.

Til að staðfesta samkomulagið formlega er óskað eftir yfirlýsingu frá sveitafélaginu með tilnefningu aðila í starfshópinn.